

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Hvalárvirkjunar í Árneshreppi.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, samþykkti hreppsnefnd Árneshrepps þann 30. september 2018 deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði.

Skipulagssvæðið er um 13,4 km<sup>2</sup> að stærð og er í Ófeigsfirði á Ófeigsfjarðarheiði. Deiliskipulagið tekur til hluta fyrirhugaðs virkjunarsvæðis Hvalár, þ.e. til lóðar fyrir starfsmannabúðir og vinnusvæði, vinnuvega frá Ófeigsfjarðarvegi upp á Ófeigsfjarðarheiði og efnistöku.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Dalabyggð, 17. október 2018.*

**Bogi Kristinsson Magnúsen**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. október 2018